



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 3/2020

**Bann við sölu og afhendingu á 14 tegundum áfyllinga
fyrir rafrettur hjá Dzien Dobry**

**I.
Málsmeðferð**

Við markaðseftirlit Neytendastofu í Dzien Dobry, Hólagarði, 111 Reykjavík, sem rekin er af Jón og Co ehf., þann 8. október 2019 kom í ljós að markaðssettar voru 14 tegundir áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín sem ekki uppfylltu skilyrði laga. Búið var að rjúfa innsigli á sjö áfyllingum og nikótíni bætt við þær. Einnig var nikótínvökvi umfram leyfilegan hámarksstyrkleika í öðrum sjö tegundum áfyllinga sem markaðssettar voru í versluninni. Þar af var magn nikótínvökva í tveimur áfyllingum 50 mg/ml, einni áfyllingu 35 mg/ml og annarri 25 mg/ml. Þá voru á umbúðum þriggja áfyllinga tveir límmiðar, þar sem á ytri límmiða var merking um að áfyllingin inniheldi 20 mg/ml en á innri límmiða var styrkleiki nikótíns tilgreindur 50 mg/ml.

Tekin var ákvörðun um tímabundið sölubann á staðnum og vörurnar fjarlægðar úr verslun með samþykki eiganda. Þess var jafnframt óskað að Jón & Co skilaði inn skýringum, athugasemdum og gögnum vegna áfyllinganna.

Þar sem misræmi var á milli innri og ytri merkinga á áfyllingum voru þær sendar til prófunar á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Sagði á umbúðum áfyllinganna að magn nikótíns í TRPCL-Architect, Prophet Alchemist og Prophet prodigy væri 20 mg/ml skv. ytri límmiða en 50 mg/ml skv. innri límmiða. Neytendastofu barst prófunarskýrsla, dags. 4. nóvember 2019, þar sem kom fram að öll sýnin inniheldu nikótínvökva yfir 50 mg/ml að styrkleika.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. nóvember 2019, var Jón & Co tilkynnt um niðurstöðu prófunarskýrlunnar og sölubann á áfyllingum framlengt. Þá óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum um hver hafi séð um að festa merkingar á vörurnar, þ.e. hvort það var á höndum framleiðanda, innflytjanda og dreifingaraðila og hve margar áfyllingar hafi verið seldar.



Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. desember 2019, var Jón & Co tilkynnt að Neytendastofa teldi tvær áfyllingar höfðað til barna eða ungmenna. Áfyllingarnar eru frá framleiðandanum Juiceman, af gerðinni Unicorn Frappé on Ice og Unicorn Frappé.

Engin nánari svör varðandi framangreint bárust frá Jóni & Co.

II. **Niðurstaða**

1.

Mál þetta varðar öryggi 14 tegunda áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín og seldar voru í verslun Jón & Co. Af 14 tegundum áfyllinga höfðu innsigli verið rofin á umbúðum sjö áfyllinga. Þar af höfðuðu tvær áfyllingar til barna eða ungmenna, m.a. með myndskreytingum eða slagorðum. Magn nikótínvökva í sjö áfyllingum fyrir rafrettur var auk þess umfram leyfilegan hámarksstyrkleika. Þar af var magn nikótínvökva þriggja áfyllinga af gerðinni TRPCL-Architect, Prophet Alchemist og Prophet Prodigy, samkvæmt prófunum Rannsóknarstofu Háskóla Íslands, verulega umfram það magn sem tilgreint var á umbúðum þeirra. Voru umbúðirnar merktar þannig að áfyllingen innihéldi aðeins 20 mg/ml en á límmiða undir merkingunni kom fram að áfyllingen innihéldi 50 mg/ml nikótín. Enginn upplýsingabæklingur fylgdi áfyllingunum.

Um rafrettur og áfyllinga fyrir þær gilda lög nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar, og reglugerð nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018 segir að rafrettur og áfyllingar megi aðeins hafa til sölu eða dreifingar ef skráðar eru viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu á umbúðir hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun og geymslu. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laganna er jafnframt óheimilt er að hafa á umbúðum rafrettna eða áfyllinga texta eða myndmál sem getur höfðað sérstaklega til barna eða ungmenna, m.a. með myndskreytingum eða slagorðum, og þannig hvatt til notkunar rafrettna.

Í greinargerð frumvarps er varð að lögum nr. 87/2018 er nánar vikið að því að í ljósi mikillar aukningar á notkun rafrettna hjá ungmennum þætti sérstaklega mikilvægt að ákvæði 2. mgr. 5. gr. tæki gildi svo ekki sköpuðust rangar hugmyndir um eiginleika rafrettna og áhrif notkunar þeirra á heilbrigði.

Kveðið er á um öryggi rafrettna og áfyllinga fyrir þær í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018 sem er svohljóðandi:



„Einungis er heimilt að flytja inn, selja eða framleiða rafrettur og áfyllingar sem teljast öruggar og uppfylla ákvæði laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/2018 segir jafnframt um hámarksstyrkleika nikótíns að einungis sé heimilt að selja einnota rafrettur, hylki eða áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda að hámarki 20 mg/ml af nikótínvökva.

Um tilkynningarskyldu framleiðenda og innflytjenda rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín er kveðið á um í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, en þar segir:

„Framleiðendur og innflytjendur rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín, sem hyggjast setja rafrettur eða áfyllingar á markað hér á landi, skulu senda Neytendastofu tilkynningu um slikt sex mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð. Leggja skal fram nýja tilkynningu fyrir hverja umtalsverða breytingu á vörunni og sker Neytendastofa úr um hvort breyting telst umtalsverð. Óheimilt er að flytja inn eða selja vörú sem hefur ekki verið tilkynnt í samræmi við ákvæði þetta og reglugerðir settar með stoð í því.“

Nánar er kveðið á um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga fyrir þær í reglugerð nr. 255/2019. Í 3. og 4. gr. hennar er mælt fyrir um viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, sem innihalda nikótín.

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir:

„Viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, skv. 5. gr., sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal prenta með svörtu Helvetica-feitletri á hvítum grunni. Merking skal vera í svörtum ramma, sem er 1 mm á breidd, inni á yfirborðsfletinum sem er frátekinn fyrir slíkar merkingar. Viðvörunarmerking skal birtast á tveimur stærstu yfirborðshlutum hvers einingapakka og öllum ytri umbúðum vörunnar og þekja 30% af yfirborði einingapakka og allra ytri umbúða vörunnar.“

Þá segir í 4. gr. reglugerðar nr. 255/2019:

„Texti viðvörunarmerkingar á umbúðir rafrettna og áfyllinga sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal vera eftirfarandi: „Pessi vara inniheldur nikótín sem er mjög ávanabindandi efni. Ekki er mælt með notkun þess fyrir þá sem reykja ekki.“ Texti viðvörunarmerkingar skal vera samsíða almennum texta á umbúðum.“

Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar skal með pakkningum rafrettna og umbúðum fylgja bæklingur með upplýsingum á íslensku um eftirfarandi:



,, 1. Leiðbeiningar um notkun og geymslu vörunnar, þ.m.t. ráðlegging um að ekki sé mælt með vörunni til notkunar fyrir börn og þá sem ekki reykja.

2. Frábendingar.

3. Viðvaranir fyrir tiltekna áhcættuhópa.

4. Hugsanleg skaðleg áhrif.

5. Ávanabindandi áhrif og eiturhrif.

6. Hvernig sé hægt að hafa samband við framleiðanda eða innflytjanda og upplýsingar um lögaðila eða einstakling sem er tengiliður þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.“

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu mega framleiðendur einungis markaðssetja örugga vöru. Úrræði Neytendastofu vegna markaðssetningar vöru sem ekki uppfyllir skilyrði laga nr. 87/2018 fer samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna að ákvæðum laga nr. 134/1995.

2.

Við mat á því hvort áfyllingar eða rafrettur höfða sérstaklega til barna er m.a. litið til þess að á umbúðum sé myndefni sem Neytendastofa telur höfða til barna eða ungmenna undir 18 ára aldrí.

Neytendastofa telur að tvær áfyllingar frá framleiðandanum Juiceman af gerðinni „Unicorn Frappé“ séu skreyttar myndefni sem höfða til barna eða ungmenna yngri en 18 ára að aldri. Áfyllingarnar „Unicorn Frappé“, „Unicorn Frappé on Ice“ (sjá fylgiskjal) eru litríkar, með teikningum af einhyrning. Auk þess má finna regnboga á áfyllingunni „Unicorn Frappé“. Það er mat Neytendastofu að með markaðssetningu ofangreindra áfyllinga hafi Jón & Co brotið gegn 2. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018.

3.

Í ljósi framangreinds er það mat Neytendastofu að sjö tegundir áfyllinga (sjá fylgiskjal), uppfylli ekki skilyrði laga nr. 87/2018 þar sem Jón & Co hefur ekki sýnt fram á að áfyllingarnar séu nikótínlauðar. Innsigli umbúða áfyllinganna hefur verið rofið og engin gögn hafa verið lögð fram um innihald þeirra. Því telur Neytendastofa að enn leiki vafi á því hvort áfyllingarnar innihaldi nikótín og að Jón & Co hafi ekki getað sýnt fram á öryggi áfyllinganna, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018.

Jafnframt hafi Jón & Co með markaðssetningu sjö tegunda áfyllinga (sjá fylgiskjal) sem innihaldi nikótín umfram leyfilegan hámarksstyrkleika brotið gegn 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/2018.

Áfyllingarnar báru auk þess ekki réttar viðvaranir og enginn upplýsingabæklingur fylgdi þeim, sbr. 3., 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 255/2019.



Á umbúðum 11 áfyllinga voru ekki leiðbeiningar um notkun og geymslu, ekki var gætt að að leiðbeiningum um geymslu á fimm áfyllingum og á tveimur áfyllingum voru ekki fullnægjandi leiðbeiningar um notkun, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 1. mgr. 6 gr. laga nr. 87/2018, 1. gr. laga nr. 134/1995 og 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 134/1995 að banna sölu og afhendingu 14 tegunda áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín (sjá fylgiskjal).

4.

Í þessu máli er um að ræða hættuleg efni og efnasambönd, s.s. nikótín, sem gera ríkar kröfur til eyðingar. Verður áfyllingunum aðeins eytt með sérstökum aðferðum. Áfyllingarnar sem um ræðir eru í vörsu Neytendastofu. Neytendastofa mun koma 14 tegundum áfyllinga í vörsu stofnunarinnar til eyðingar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 og 4. mgr. 29. gr. reglugerðar ESB 765/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Jón & Co ber að greiða kostnað sem hlýst af eyðingu áfyllinga, sbr. 24. gr. laga nr. 134/1995. Neytendastofa mun að liðnum sex vikum frá birtingu ákvörðunar koma vörunum til eyðingar hjá viðeigandi aðila.

Í 7. tölul. 14. gr. laga nr. 134/1995 segir að hlutverk Neytendastofu sé að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og vera tengiliður við RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði. Neytendastofa mun upplýsa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi í samræmi við reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit og faggildingu o.fl. Fara upplýsingaskiptin fram með tilkynningu í tilkynningarkerfi um hættulegar vörur (e. Safety Gate).

IV.

Ákvörðunarorð:

„Jón & Co ehf., rekstraraðili Dzien Dobry, Hólagarði 2-4, 111 Reykjavík, hefur boðið fram á markaði áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda nikótín sem ekki geta talist öruggar í skilningi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018, laga um rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Jón & Co hefur brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir þær, með því að geta ekki sýnt fram á öryggi sjö tegunda áfyllinga sem innsigli hafði verið rofið á. Jón og Co ehf. hefur einnig brotið gegn 2. mgr. 5. gr. þar sem tvær þeirra höfða sérstaklega til barna eða ungmenna (sjá fylgiskjal, vörur 1-7).

Jón & Co hefur brotið gegn 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir þær með því að bjóða fram á markaði sjö tegundir áfyllinga þar sem áfyllingarnar



innihalda magn nikótínvökva umfram leyfilegan hámarksstyrkleika (sjá fylgiskjal vörur 8-14).

Jón & Co ehf. hefur með markaðssetningu á áfyllingum fyrir rafrettur sem bera ófullnægjandi leiðbeiningar og viðvaranir, án þess að upplýsingabæklingur fylgdi þeim, brotið gegn 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir þær, sbr. 3., 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum og áfyllingum.

Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, er Jóni & Co ehf. bannað að selja og afhenda 14 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur (sjá fylgiskjal).

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. 4. mgr. 29. gr. reglugerðar ESB nr. 765/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl., mun Neytendastofa koma ofangreindum áfyllingum fyrir rafrettur til eyðingar hjá viðeigandi aðila.

Með vísan til 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu skal Jón & Co ehf. greiða kostnað vegna prófunar að upphæð 90.000 (sjá meðfylgjandi skjal) svo og kostnað vegna eyðingar á þeim áfyllingum sem ákvörðun þessi tekur til.“

Neytendastofa, 28. janúar 2020



Tryggvi Axelsson
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir

Fylgiskjal – Ákvörðun nr. 3/2020

Vörur sem höfða sérstaklega til barna eða ungmenna

1.

2.



Fylgiskjal – 14 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur

- | | |
|----------------------------|---------------------------------|
| 1. Juice Man | Unicorn Frappe |
| 2. Juice Man | Unicorn Frappe on Ice |
| 3. Juice Man | Cherry Blue Cola |
| 4. Juice Man | Cherry Lime Cola |
| 5. Puff Labs | Circus Cookie |
| 6. V-Juice | Cookie Monster |
| 7. Dekang | Ice Mint |
| 8. Midnight Manufacturing | Prophet Premium |
| 9. Midnight Manufacturing | Prophet Premium |
| 10. Midnight Manufacturing | TRPCL |
| 11. VDistro | Novelty Blends |
| 12. VDistro | Novelty Blends |
| 13. VDistro | Vape Cocktails |
| 14. Tailored Vapors | Tailored House |
| | Alchemist/Pineapple Burst |
| | Prodigy/Fruity Bubblegum |
| | Architect/Blueberry Pomegranate |
| | White Gummy |
| | Classic Tobacco |
| | Strawberry Crisp |
| | Honey Crunch Salts |

